

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 21. júní 2011 staðfest aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Hólmavíkur 1994-2014 frá 8. janúar 1996, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 21. júní 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2011